

Frumvarp til laga

um

**breyting á 2. gr. í lögum nr. 29, 20. oktbr. 1905 um stofnun
byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga.**

(Lagt fyrir alþingi 1909).

Ráðherra Íslands veitist heimild til þess að selja þann hluta Arnarhólslóðarinnar, sem heimild er til að selja samkvæmt 2. gr. laga 20. okt. 1905 þeim, er kaups beiðist í stærri eða minni pörtum, til byggingarlóða og annara afnota, fyrir eigi minna er 2 kr. 50 aur. fyrir ferhyrningsalin, en þó eigi lægra, en tveir dómkvaddir menn meta í hvert skipti, er kaupa er beiðzt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Þá er stjórnarráðið lagði fyrir alþingi 1905 frv. til laga um stofnun byggingarsjóðs og bygging opinberra bygginga, lagði það til, að lágmarkið á söluverði fyrir hverja ferhyrningsalin í Arnarhólstúni, sem selja mætti eptir frumvarpinu, yrði sett 3 krónur. Þá voru lóðir yfirleitt í háu verði hér í bæ, sem meðal annars stafaði af því, að nýlega hafði fundist gullvottur í Vatnsmyrinni, og stjórnarráðið leit þá svo á, að túnið mundi þá seljast smám saman fyrir þetta verð (Alþið 1905 A. bls. 252). Nefndin í neðri deild var ennþá vonbetri um sölu túnsins og færði verðið upp í 4 kr. fyrir ferhyrningsalinina á vissu svæði túnsins, og nefndin í efri deild, fór enn lengra, og lagði til að alinin yrði alls eigi seld lægra en á 5 kr., og taldi sennilegt, að selja mætti þá þegar nokkurn hluta túnsins fyrir jafnvel ennþá hærra verð (s. st. bls. 1057). Þetta lágmark söliverðs var síðan samþykkt. Sú von, sem alþingi þá hafði um það, að auðgefið væri að selja Arnarhólslóðina fyrir svo mikið verð, hefur eigi ræzt; enn sem komið er, hefur enginn viljað kaupa fyrir þetta verð. og þar sem lóðarverð er nú óðum að falla, og lóðir lítt seljanlegar scm stendur, aðallega vegna peningaeklu og hárra vaxta, þá eru engin líkindi til, að neitt seljist á næstu árum af lóðinni fyrir það verð, sem lögin 1905 ákveða. Hinsvegar þarf nú byggingarsjóðurinn á fje að halda, því samkvæmt nefndum lögum hefur verið reist bygging handa sófnum landsins, en af því byggingarsjóði hefur lítið fje hlotnast, sökum þess, að ekkert hefur selst af túninu, hefur orðið af taka lán til byggingarinnar úr landssjóði, svo að hann á nú hjá byggingarsjóði rentulaust 130,000 kr. og viðbúið, að skuldin aukist enn.

Af þessum ástæðum telur stjórnarráðið rjett að færa niðnr lágmark verðsins á Arnarhólslóðinni, svo að möguleiki verði að fá kaupendur að henni. Hyggur stjórnarráðið, að fara verði niður í 2 kr. 50 fyrir hverja ferhyrningsalin, og leggur því til, að sú breyting sje gjörð í söluheimildinni í 2. gr. laga nr. 29, 20. oktbr. 1905.!